

## Minnisblað umboðsmanns framboðslista.

Sá er þetta minnisblað ritar var tilnefndur umboðsmaður S-lista í Suðvestur kjördæmi fyrir Alþingiskosningarnar 25. september 2021. Undirritaður hefur áður verið umboðsmaður fyrir framboðslista í sveitarstjórnarkosningum.

Kynnti mér lög um kosningar til Alþingis nr. 24/2000 og þá aðallega þau atriði er sneru að umboðsmannahlutverkinu. Þó orðið umboðsmaður (í ýmsum beygingum) sé nefnt 47 sinnum í lögnum er hlutverk umboðsmanns frekar óljóst.

Eftir reynslu mína nú af umboðsmannahlutverkinu set ég fram eftirtaldar athugasemdir og ábendingar. Rétt er að geta þess að ég tók umræðu við einstaka fulltrúa yfirkjörstjórnar um athugasemdir mínar en bókaði ekki formlegar athugasemdir. Skýringar fulltrúans voru að umboðsmannahópurinn, um 15 manns, væri of fjölmennur til að tryggja talningarsvæðið. Lausn á þessu er til dæmis að gefa smærri hópi umboðsmanna, svo sem fimm eða færri, heimild til að fara um svæðið á hverjum tíma.

1. Upplýsingar frá yfirkjörstjórn til umboðsmanna voru frekar litlar og komu seint fram. Tölvupóstur frá yfirkjörstjórn um að umboðsmönnum væri boðið að vera viðstaddir þegar kjörgögnum yrði skipt niður á sveitarfélög barst kl. 10:06 á miðvikudegi, en viðburðurinn var sama dag, kl. 17.00. Þennan póst sá ég ekki fyrr en að kvöldi dags þá var orðið of seint að bregðast við.

2. Heimsókn á kjörstaði allra sveitarfélaganna á kjördag sýndi að sveitarfélögin stóðu allvel að framkvæmd kosninganna. Vel var tekið á móti umboðsmanni og honum sýndar kjördeildir. Einu athugasemdir mínar eru að sums staðar tók nokkurn tíma að komast akandi að kjörstöðum og við einhverjar kjördeildir var allmikil biðröð eða allt upp í 50 manns sem biðu eftir að fá að kjósa.

3. Undirbúningur talningar í íþróttasal Kaplakrika hófst um kl. 18. Umboðsmenn voru afgirtir í einu horni talningasalar og máttu ekki, að kröfu yfirkjörstjórnar, fara um talningarsvæðið, jafnvel þó ekki væri hafin talning eða kjörgögn komin í hús. Um kl. 18:20 var talningarsalnum lokað. Umboðsmönnum var gert að vera lokaðir inni fram til kl. 22:00 eða yfirgefa svæðið sem ég gerði. Eina hlutverk umboðsmanna var að skoða nýkomna kjörkassa og ganga úr skugga um að innsigli væru í lagi. Ekki er annað séð en þessari athöfn hefði mátt sinna áður en talningasalnum var lokað og því hefðu allir umboðsmenn haft tök á að taka þátt í þessari úttekt. Þar sem umboðsmenn voru afgirtir í einu horni talningasalar var hlutverk þeirra að öðru leyti ekkert nema að fylgjast með talningarfólki flokka atkvæði úr allmikilli fjarlægð.

4. Upp úr kl. 02 kom loks að því að fara yfir ógilda atkvæðaseðla. Yfirkjörstjórn lagði fyrir umboðsmenn um 20 atkvæðaseðla. Umboðsmenn voru sammála eftir all nokkrar rökræður að fimm atkvæðaseðlanna, misminni mig ekki, teldust gildir og gerði yfirkjörstjórn ekki ágreining um þá seðla. Ágreiningur var þó um einn seðil. Kjósandinn hafði krossað við einn framboðslista

en líklega skipt um skoðun og krassað yfir krossinn og krossað við annað framboð. Af einhverjum ástæðum var lítið og ógreinilegt rautt strik þar sem krassið var. Því töldu einhverjir umboðsmenn að seðillinn flokkaðist sem merktur. Umboðsmaður ákvað því að vísa ágreiningnum til Alþingis.

5. Upp úr kl. 05:30 fórum við umboðsmenn að kanna með fleiri ógilda atkvæðaseðla. Svör fulltrúa yfirkjörstjórnar var að engir fleiri ógildir atkvæðaseðlar biðu úrlausnar. Í framhaldinu ákváðu flestir umboðsmenn að yfirgefa svæðið, þar á meðal ég. Þegar frétt kom um lokatölur frá Suðvestur kjördæmi kom fram að ógildir seðlar væru 117. Fór ég þá á talningarstað rétt um kl. 09 að morgni en þá voru allir farnir. Ég sendi tölvupóst með spurningum (sjá viðhengi) á formann yfirkjörstjórnar. Hann svaraði mér með símtali um kl. 20. Hann sagði að aðeins umboðsmaður Sósíalistaflokksins hefði verið á staðnum í lok talningar og farið yfir ógildu atkvæðin. Einnig sagði hann að umboðsmenn gætu ekki fengið aðgang og skoðað ógildu atkvæðin eftir að talningu lauk. Furðu vekur að engin ógild atkvæði hafi legið fyrir við talningu frá kl. 02 til kl. 5:30 en eftir það hafi um 100 ógild atkvæði komið fram. Þá er óviðunandi að aðeins einn umboðsmaður komi að úrskurði um 100 ógildra atkvæða. Ekki verður séð að farið hafi verið að lögum gagnvart ógildum atkvæðum.

Hér fyrir ofan hef ég farið yfir nokkur atriði sem vekja athygli og spurningar. Ljóst er að hlutverk okkar umboðsmanna er mjög takmarkað gagnvart talningu atkvæða vegna takmarkana sem yfirkjörstjórn setur umboðsmönnum. Líklega er umrædd takmörkun umboðsmanna ekki í samræmi við lög. Við umboðsmenn fáum ekki að fylgjast með talningu á þann máta að geta gengið úr skugga um að rétt sé að hlutunum staðið. Þá vekur athygli að ekki er unnið eða fylgt formlegu gæðakerfi við alþingiskosningar.

Enginn grunur er um að yfirkjörstjórn eða starfsmenn hennar hafi vísitandi rangt við við talningu. Umboðsmenn geta hins vegar með engu móti vottað að ekki hafi verið gerð mistök við flokkun eða talningu atkvæða. Þá geta umboðsmenn ekki staðfest að úrskurður ógildra atkvæða hafi verið réttur og því getum við umboðsmenn með engu móti vottað að atkvæðatölur séu réttar í Suðvestur kjördæmi. Ég tel því meiri líkur en minni að endurtalning og úrskurður ógildra atkvæða muni breyta atkvæðaniðurstöðu kjördæmisins.

Mitt álit er að gera þurfi allmiklar breytingar á vinnulagi kjörstjórnar og umboðsmanna til að tryggja öruggar kosningar.

Álftanesi, 29. september 2021

Kristján Sveinbjörnsson

Sími 8929120

Höfundur hefur allnokkra reynslu af eftirlits- og gæðakerfum sem löggiltur byggingastjóri, rafverktaki, flugvirki og flugmaður/flugkennari.

